

Leiðréttingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar

- *Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn* (EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 28)

Í stað orðanna „flutning á flugi“ í 3. lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2007 komi orðin „yfirfærslu upplýsinga um flug“.

- *Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn* (EES-viðbætur nr. 42, 10.7.2008, bls. 15)

Í stað orðsins „aðskilnað“ í 3. lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2008 komi orðið „rásabreidd“.